

6. fundur Iota deildar DKG haldinn á leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði 12. mars 2024 kl. 18.30

Jónína Hrönn kveikti á kertum og setti fund í fjarveru Vilborgar Ásu formanns.

Mættar voru 10 konur.

Ingibjörg Einarisdóttir leikskólastýra á Eyrarskjóli sagði okkur frá starfseminni á Eyrarskjóli og hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Matur var í boði Pernillu; ljúffeng súpa, brauð og litríkt og hollt salat.

Bjarney Ingibjörg var með orð til umhugsunar og lagði út frá hatursorðræðu, ást og söknuði. Hún las af því tilefni pistil Unnar Aspar Stefánsdóttur leikkonu sem hún flutti á konudaginn 2024 í guðspjónustu í Vídalínskirkju. – Umræður í kjölfarið um börn og áföll, hversu miklu það skiptir að hlú vel að börnum og skapa tengsl, bæði flóttabarna og annarra barna.

Hlíf Guðmundsdóttir var «kona kynnir sig» en hún hefur nú aldeilis komið að uppeldi og kennslu margra barna í gegnum tíðina.

Jónína Hrönn minnti á að deildin okkar á afmæli á næsta ári og varpaði fram spurningunni hvað vilja konur gera? Hvernig getum við gert okkur glaðan dag?

Steinunn Guðmundsdóttir minnti á að á næsta fundi sem er aðalfundur, 16. apríl, verður stjórnarkjör og óskaði eftir að konur gæfu sig fram í stjórn.

Eftir að slökkt hafði verið á kertum og formlegum fundi slitið fengum við göngutúr um skólann, en sérkennslustýran Svana Kristín sýndi okkur skólann og sagði frá ýmsu skemmtilegu. Við yfirgáfum ekki leikskólann fyrr en kl. 21.00 svo mikið var spjallað og spegúlerað.

Jónína Hrönn Símonardóttir, ritari.